

Nd.

496. Nefndarálit

um frv. til laga um iðnlánasjóð.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
Þegar fé er ekki ætlað á fjárlögum í þessu skyni, er ríkisstjórninni heimilt að taka þessa upphæð að láni.
2. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
Atvinnumálaráðherra hefir á hendi yfirstjórn iðnlánasjóðs, en skal fela Útvegsbanka Íslands, eða annari hliðstæðri stofnun, með sérstökum samningi stjórn hans og meðferð, svo sem lánveitingar, vörzlu, bókhald, innheimtu og útborganir. Lán úr sjóðnum skal veita eftir tillögum frá stjórn Landsambands iðnaðarmanna og eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.
3. Við 7., 9. og 12. gr. Í stað orðsins „ráðuneytið“ í þessum þrem gr. komi alstaðar: sjóðstjórnin, — og í 9. gr. breytist orðið „það“ í „hún“ samkv. því.
4. Á eftir 13. gr. komi ný gr., sem verður 14. gr., þannig:
Reikningar iðnlánasjóðs skulu endurskoðaðir af yfirskoðunarmönnum landsreikninga.

Alþingi, 16. nóv. 1934.

Páll Zóphóniasson,
form.

Emil Jónsson,
fundaskr., frsm.

Bjarni Ásgeirsson.

Guðbr. Ísberg.

Jakob Möller.